



FUNDARGERÐ

VINNUFUNDUR Í VATNASVÆÐISNEFND Á VATNASVÆÐI 2

Dags.fundar 25.04.12	14:00 – 17:00	Staður Húsavík, fundarsalur bæjarskrifstofu	Nr. fundar 3
Fundarstjóri: Jóhanna Björk Weisshappel (JBW)		Fundarritari: Jóhanna	
Fundarmenn: Alfreð Schiöth, Heilbrigðiseftirliti Norðurlandi eystra, Gaukur Hjartarson og Guðrún Erla Jónsdóttir, Norðurþingi, Ingibjörg Björnsdóttir, Skútustaðahreppi, Steinn Karlsson, Langanesbyggð, Jóhanna Björk Weisshappel, UST.			
Afrit sent til: Miðhluta vatnasvæðisnefndar á svæði 2			
Markmið fundar: Vinna við álagsgreiningu á vatn.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	
1	<p>Opnun vinnufundar: Jóhanna Björk Weisshappel</p> <p>JBW fór stuttlega yfir um stjórn vatnamála til upprifjunar. Einnig fór hún yfir álagsgreininguna UST á vatn, í hverju hún fellst, áherslur og mikilvægi þess að UST fái aðgang að mælingum, upplýsingum og gögnum sem nýst geta. Fulltrúar munu senda Jóhönnu slík gögn.</p> <p>Vinnufundur</p> <p>Farið var yfir álagsgreiningartöfluna yfir beina losun í viðtaka. Margar góðar ábendingar og nytsamar upplýsingar komu fram, leiðréttingar voru gerðar jafnóðum í töflunni.</p> <p>Rætt um erfiðleika við að lengja lagnir út í sjó vegna mikilla strauma. Ábending frá HNE: T.d. á Þorlákshöfn væri hægt að hafa eina rotþró fyrir ralla íbúa í stað þess að lengja út lögn í sjó. Tiltölulega ódýr lausn. Einnig hefur UST lagt til að þar sem eldhraun er til staðar sé hægt að setja niður síubeð ofan á hrauni í stað þess að raska því, þannig sæti situlögnin í síubeði.</p> <p>Mývatn: Íbúafjöldi lítill en mikil aukning á sumrin. HNE mun senda lita yfir starfsemi, skoða þarf fyrirtæki á Mývatni og á viðkvæmum svæðum.</p> <p>Ilmvatn við Lauga: Klárlega ofauðgun, græn sliksja í vatninu.</p> <p>Fiskvinnslur og önnur starfsemi: Ákveða þarf mörk þ.e. við hvaða vinnslumagn/hráefnismagn eigi að stoppa við í álagsgreiningunni og í stöðuskýrslunni.</p>	JBW	
2	<p>Næsti fundur: Í september ef þörf verður á.</p>	JBW	